

Miðvikudaginn 14. nóvember 1951.

Kærumálið nr. 27/1951.

Sigurgeir Sigurjónsson f. h. John Teuton
 gegn
Íslenzku brennisteinsvinnslunni h/f.

Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Jónsson setufógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 20. f. m., sem hingað barst 26. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði fógetaréttar Þingeyjarsýslu, uppkveðnum hinn 20. október s.l., en með úrskurði þessum var krafa sóknaraðilja um kyrrsetningu í eignum varnaraðilja tekin til greina gegn 45 þúsund króna tryggingu. Krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að hin umbeðna kyrrsetningargerð verði látin fara fram gegn 15 þúsund króna tryggingu af hans hálfu, en *til vara*, að kyrrsetning verði leyfð gegn lægri tryggingu en 45 þúsund krónum. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess *aðallega*, að kyrrsetningargerðin verði aðeins látin fara fram gegn 850 þúsund króna tryggingu af hálfu sóknaraðilja, en *til vara* gegn 105 þúsund króna tryggingu og *til þrautavara*, að hin áfrýjaða fógetagerð verði staðfest. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Úrskurði fógeta um það, hvort fógetagerð skuli yfir höfuð fara fram, sætir ekki kæru, sbr. 4. lið 198. gr. laga nr. 85/1936, og ber því sjálfkrafa að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sigurgeir Sigurjónsson, f. h. John Teuton, greiði varnaraðilja, Íslenzku brennisteinsvinnslunni h.f., kr. 200.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetaréttar Þingeyjarsýslu 20. okt. 1951.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, John Teuton, 19 Rosetta Park, Belfast, Írlandi, krafizt kyrrsetningar í eignum gerðarþola, Íslenzku brennisteinsvinnslunnar h.f., Húsavík, fyrir fjárhæð £ 1716-17-0. Gerðarbeiðandi hefur gert þá grein fyrir kröfu sinni, að hún sé vegna útlagðs ferðakostnaðar og ýmissa starfa í þágu gerðarþola. Gerðarþoli hefur mótmælt skuld þessari og heldur því fram, að hann skuldi gerðarbeiðanda ekki neitt. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur krafizt kyrrsetningar í 40 tonnum af brennisteini, sem geymdur er í Húsavík og er viðurkennd eign gerðarþola.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur boðizt til að leggja fram 15 þúsund króna tryggingu, til þess að gerðin næði fram að ganga.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt tryggingarupphæðinni og krafizt 850 þús. króna tryggingar. Hann hefur haldið fram, að brennisteinn sá, sem hér um ræðir, sé geymdur á opnum og óvörðum stað, og þar af leiðandi sé hætt á verulegri rýrnun, ef um geymslu í lengri tíma sé að ræða, vegna veðrunar. Enn fremur heldur hann því fram, að hætt sé á verðlækkun á brennisteini á heimsmarkaðinum. Þá hefur hann og bent á, að búið sé að selja ca. 350 tonn af brennisteini fyrir 850 þúsund krónur, og sé þessu magni ekki skilað, megi búast við, að þeim kaupum verði rift og að farmgjöld ofangreinds brennisteinsmagns verði hlutfallslega hærri, þótt hægt verði að selja minna magn. Gerðarbeiðandi heldur því fram, að ekki sé um neinn markað að ræða á umræddum brennisteini, eins og er, og hefur mótmælt, að rýrnun gæti verið eins mikil og gerðarþoli heldur fram.

Þá hefur gerðarbeiðandi haldið því fram, að dómvenja sé að krefjast ekki hærri tryggingar en sem svarar málskostnaði í undirrétti og Hæstarétti.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þykir mega fallast á þá skoðun gerðarþola um rýrnun á brennisteini þeim, sem kyrrsetningar er krafizt á, geti orðið nokkur (svo).

Með hliðsjón af kyrrsetningarupphæðinni og öðru því, sem fram er komið í málinu, þykir rétt að leyfa kyrrsetningargerðina gegn 45 þúsund króna tryggingu af hálfu gerðarbeiðanda. Málskostnaðarkrafa hefur engin verið gerð.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna kyrrsetningargerð skal fram fara gegn 45 þúsund króna tryggingu af hálfu gerðarbeiðanda.